REIÐNÁMSKEIÐ FYRIR BYRJENDUR

Kennslugögn

Námspakki fyrir

b y r j e n d a n á m s k e i ð

Mappa þessi inniheldur:

* Markmiðalýsingu og umfjöllun um efnið,
* kennsluáætlun fyrir 10 daga námskeið,
* glærur og verkefni fyrir nemendur,
* ítarefni fyrir leiðbeinendur

Athugið að ganga frá öllu sem tekið er úr möppunni á sinn stað aftur.



Efni þetta var tekið saman af Ragnhildi Helgadóttur og Birni Sigurðssyni sumarið 1994 fyrir ÍTR - Reiðskólann í Víðidal. Við lokafrágang, vorið 1995, vann einnig Arna Kristjánsdóttir. Æskulýðsnefnd LH og HÍS fékk góðfúslegt leyfi frá ÍTR, Ragnhildi og Birni til að fjölfalda efnið fyrir hestamannafélög á Íslandi.

Um efnið

Námspakki þessi er ætlaður til kennslu á tíu daga reiðnámskeiði fyrir byrjendur og þá sem stutt eru komnir í reiðmennsku. Hann á að virka sem handbók leiðbeinenda en að sjálfsögðu er hverjum og einum frjálst að nýta efnið á sinn hátt svo framalega sem ekki er farið út fyrir þann ramma sem stjórnendur námskeiðsins setja.

Efnið er unnið úr ýmsum íslenskum bókum og blöðum um reiðkennslu og reiðmennsku, t.d.;
Hesturinn minn, handbók hestamanna - gefin út af LH, 1979
Á fákspori - Sigurbjörn Bárðarson - gefin út af Eiðfaxa, 1982
Að temja - Pétur Behrens - gefin út af Eiðfaxa, 1981
Á hestbaki - Eyjólfur Ísólfsson - gefin út af Eiðfaxa, 1980
Handbók íslenskra hestamanna - Albert Jóhannsson í Skógum, 1991
Og hinum ýmsu tímaritum Eiðfaxa
Sumar myndir eru úr þessum bókum og tímaritum en einnig eru þær teiknaðar af Birni Sigurðssyni.

Markmið

Markmið með bóklega þættinum eins og hann er settur upp hér, er að nemendur öðlist grunnþekkingi á:

- reiðtygjum og heitum á mismunandi hlutum þeirra,
- heitum líkamsparta hestsins,
- umhirðu og umgengni við hesta,
- hestalitum,
- sögu og sérstöðu íslenska hestsins,
- gangtegundum.

Markmiðið með verklegu kennslunni er að nemendur:

- geti umgengist hesta af öryggi og óttaleysi,
- kunni að teyma hest,
- geti lagt á og sprett af,
- nái jafnvægi á hesti og geti setið hann rétt,
- nái "sambandi" við hestinn og kunni undirstöðuatriði stjórnun hans.

Dagur 1

Bókleg kennsla

Til staðar þarf að vera: Hnakkur (gjarnan með reiða), beisli, reiðmúll, kambur, pískur (eitt af hverju til að sýna), kennsluáætlun handa hverjum nemanda, tveir hestar og hnakkar til að leggja á þá.

Tíminn hefst á því að leiðbeinandinn býður börnin velkominn og kynnir sig. Síðan kynna börnin sig og segja t.d. hvað þau eru gömul, hvort þau hafi verið áður á reiðnámskeiði og hvort þau séu með vini/vinkonu á námskeiðinu.

Nemendur fá kennsluáætlun. Leiðbeinandinn segir frá námskeiðinu í stuttu máli og svarar spurningum sem upp kunna að koma.

Leiðbeinandinn sýnir nemendunum hnakk og fer yfir heiti á mismunandi hlutum hans. Sama er gert með beisli og múl. Þægilegast er að gera þetta í kennslustofunni meðan börnin sitja róleg.

Börnin fara í röð á eftir leiðbeinandanum og fara í stutta kynnisferð um reiðhöllina þar sem þeim er sýnt hvar salernin eru, hvar er beðið í röð eftir að fá hest og hvar hnakkageymslan er. Farið er yfir þær reglur sem gilda á reiðnámskeiðinu.

- **Vera ekki með hávaða og læti** (sérstaklega kringum hestana).
- **Ganga vel um** (passa vel upp á reiðtygi og hjálm).
- **Vera ávalt með hjálm þegar verið er innan um hestana.**
- **Fara eftir því sem leiðbeinendur** (og aðrir starfsmenn) **segja.**
- **Hafa góða skapið með á námskeiðið.**

Athuga að bannað er að vera uppi á áhorfendapöllum.

Ferðin er enduð þar sem tveir hestar eru til taks (úti við ef veður er gott annars inni). Leiðbeinandinn sýnir hvernig lagt er á hest, í leiðinni er

Í lokinn er gott að ræða við börnin um hesta og eyða ótta gagnvart þeim ef einhver er. Leiðbeinendur tala um nauðsyn þess að vera óttalaus og hugsa þess í stað um að stjórna hestinum rétt. Einnig má ræða stuttlega um umgengni við hesta.

Ef enn er eftir af tímanum má fara með börninn í stórfiskaleik eða annan eltingaleik.

gott að rifja upp helstu heiti á hnakkhlutum með því að spyrja börnin. Sýnt er hvar hnakkurinn á að sitja á hestinum, hvar gjörðin kemur og að stundum er nauðsynlegt að lengja í henni. Kennt er hvernig á að stilla ístöðin (eftir hendinni, ath. að sylgjan sé færð upp). Þegar þetta hefur verið gert er farið yfir hvernig sprett er af. Gengið er frá ístöðum og gjörðin lögð yfir eftir að hafa verið losuð. Þá er einnig sýnt hvernig best er að halda á hnakki og hvernig á að leggja hann frá sér. Börnin fá síðan að spreyta sig. Það nægir að nemendurnir stilli annað ístaðið. Æskilegt er að hafa tvo hesta svo að þetta gangi hraðar fyrir sig en þá þarf líka að vera einhver leiðbeinandanum til aðstoðar.

Verkleg kennsla

Til staðar þarf að vera: Hestur sem gott er að hringteyma og hnakkur án ístaða.

Börnin raða sér upp við vegg/girðingu. Leiðbeinendur byrja á því að kynna sig og bjóða nemendurna velkomna. Þeim er sagt hverni best sé að vera klæddur á hestbaki, þ.e. að vera í liprum buxum og með sokkana utanyfir, forðast beri gallabuxur og fráflaksandi, skrjáfandi fatnað. Mælt skal með þunnum fingravetlingum og varað við þykkum skíðalúffum.

Börnunum er sagt hvað standi til að gera. Þau fara á bak hesti sem er með ístaðslausum hnakk. Leiðbeinandi eða kúskur hringteymir svo hestinn með barni á. Börnin fara eitt og eitt í einu, stíga fram kynna sig og fara á bak. Fyrst er farið hægt en síðan ferðin aukin eftir getu barnsins. Barninu sagt að rétta út hendurnar, fyrst aðra í einu en síðan báðar og fingrum tyllt á hjálminn ef það treystir sér til. Eftir þetta fer barnið til leiðbeinanda sem er með lista yfir reiðskólahesta og því er úthlutað hesti eftir frammistöðu og reynslu.

Næst er nemendunum sýnt hvernig á að teyma hest. Passa að halda með báðum höndum og ekki láta tauminn lafa því þá sé hætta á að hesturinn stígi í hann og slasi sig. Ganga við hlið hestsins og vera ákveðinn því óþarft er að hræðast hann. Hver nemandi fær að spreyta sig á að teyma. Athuga notkun taumlássins.

Dagur 2

Bókleg kennsla

Til staðar þarf að vera: Hestur og reiðtygi, glærur 1,2,3 og 4, myndvarpi, verkefnablað 1 og plastmöppur og límmiðar til merkingar.

Byrjað er á því að fara með nemendurnar út eða inn í reiðhöll þar sem er hestur og hnakkur. Best er ef börnin geta sest því þá eru þau oft rólegri, nauðsynlegt er að allir geti séð. Leiðbeinandinn fer yfir heiti á líkamspörtum hestsins (sjá verkefnablað nr. 1). Hægt er t.d. að tala um hvaða líkamshlutar samsvari til líkamshluta manna, benda á að hestum kitli í náranum, hæð sé miðuð við herðakamb og á tönnum megi nokkurn veginn greina aldur hesta.

Þá er rifjað upp hvernig lagt er á hest. Leiðbeinandinn sýnir hvernig á að fara á bak. Fyrst er að halda í hestinn og draga tauminn yfir, halda við tauminn, standa þétt við hestinn, fara rétt í ístaðið og spyrna sér frá jörðinni, færa líkamsþungann yfir hestinn og fara með fótinn afturfyrir. Rétt áseta (athuga bak og fætur, lóðrétt lína frá öxlum að mjöðm og hæl) og rétt taumhald (staða handanna, handleggsins og olbogans). Sýnt hvernig á að fara af baki, báðir fætur losaðir (til öryggis) áður en farið er af. Taumnum ekki sleppt, hann dreginn fram af þegar knapi hefur stigið af.

(ATH. sá hópur sem verið hefur í verklegu kennslunni á undan bóklega tímanum ætti ekki að þurfa eins nákvæma kennslu.)

Farið aftur inn í kennslustofu og litið á glærur 1,2 og 3. Síðan er verkefnabaði 1 dreift til nemenda. Útskýrt fyrir þeim hvað á að gera, nemendur mega gjarnan vinna saman. Þegar nemendur eru flestir búnir eða langt komnir með verkefnið er glæru 4 brugðið upp. Nemendur leiðrétta og bæta við þeim orðum sem þeir hafa ekki getað svarað.

Leiðbeinandi getur kannað hversu margir hafi verið t.d. með 10 rétt orð Bent á hvaða heiti er bráðnauðsynlegt að kunna skil á, s.s. hófur og fax.

Nemendur fá plastmöppu undir verkefni og merkja sér hana (nafn, hópur og e.t.v. hestur). Ef tími er til geta nemendur litað myndina á verkefnablaðinu. Leiðbeinandi tekur við möppunum og setur í möppu hópsins.

Verkleg kennsla

Til staðar þarf að vera: Hestar, hnakkar og hjálmar handa öllum, keilur í hornin.

Nauðsynlegt er að einn leiðbeinandi taki að sér að stjórna kennslunni (þ.e. standi í hringnum og tali/kalli á meðan hinir fylgjast með og leiðbeini hverju barni fyrir sig). **Margir stjórnendur trufla athygli barnanna.**

Nemendurnir fá þá hesta sem þeim hefur verið úthlutað. Þeir kemba og leggja á. Nemendum safnað saman og þeir fylgjast með er leiðbeinandi sýnir þeim hvernig á að fara á bak (ef hópurinn hefur verið á undan í bóklegum tíma er hægt að fara fljótt yfir sögu).

Nemendunum sýnt hvernig á að:

- **sitja rétt** (axlir, bak, fætur og rétt taumhald),
- **hvetja hest af stað** (með mjöðm, rödd, fæti og písk),

stöðva (stytta í taumhönd, setjast djúpt í hnakkinn, halla sér örlítið aftur og taka í báða tauma jafnt þar til hesturinn stoppar, athuga einnig að nota röddina),

beygja (stytta í taumhönd, taka í þeim megin sem hesturinn á að beygja og slaka hinumegin, leggja fót að/hvetja þeim megin sem hesturinn beygir að).

Lagur 2 - glærur

Hestur teymdur, lagt á og farið á bak

Hestur teymdur.
Gengið er við hlið hestsins og haldið með báðum höndum um tauminn. Óþarft er að vera hræddur við hestana.



Eftir að hestinum hefur verið kembt, er náð í hnakk. Ath. að gjörðin liggi yfir hnakkinn. Lagt á. Gjörð skal vel hert og ístaðslengd stillt.

Þegar farið er á bak er staðið sem næst hestinum. Ef farið er vinstra megin á bak er vinstri fóturinn settur í ístaðið, spyrnt frá jörðu með hægri fæti og þunginn færður yfir hestinn. Taumnum er aldrei sleppt.



Dagur 2 glæra 2

Áseta

Rétt áseta.



Röng áseta.
Of fattur,
taumur of hátt,
tær vísa út.



Röng áseta.
Of álútur,
fætur of mikið
fram. Ekkert
samband við
hestinn.



Dagur 2 glæra 3

Á hestbaki upp og niður brekkur

Rétt áseta, þunginn færist af baki hestsins.

Röng áseta, þyngir hreyfinguna upp í móti.

Rétt áseta.



Röng áseta, erfiðara fyrir hestinn.



Dagur 2 glæra 4



Dagur 3

Bóklega kennsla

Til staðar þarf að vera: myndvarpi, glærur 1,2,3,4,5,6 og 7, skeifur/skaflaskeifur á aftur og framfætur, hóffjaðrir og opið hesthús.

Námsefni dagsins er hesturinn sem lifandi dýr, umgengni og umhirða. Kennslan fer fram í kennslustofu með viðkomu í hesthúsi.

Mismunandi heiti á hestum eftir aldri (og gæðum). Glæra 1 er sýnd, leiðbeinandinn rekur helstu viðburðir í ævi hestsins. Gott er að byrja á að tala um fæðinguna, hvenær ársins hryssur kasta yfirleitt, samband folalds við móður og aðra hesta. Í framhaldi af þessu er tilvalið að tala um hvenær við hættum að kalla folöld folöld og köllum þau trippi, og t.d. bera saman við aldursskeið manna sbr. barn, krakki, unglingur, fullorðin. Leiðbeinandi getur látið nemendur taka þátt í umræðunni með því að spyrja hvaða nöfn þau þekkja yfir hesta, t.d. tengdt aldri eða vilja og eru hér nokkur nefnd: *folald, trippi, foli, ótemja, graðhestur, hryssa, ungur hestur, hestur, fákur, jór, gandur, drösull, hross, klár, reiðskjóti, reiðhestur, meri, fylfull meri, trunta, bykkja, og gæðingur.* Ef þau þekkja ekki sum nöfnin má rifja einhver þeirra upp úr gömlum vísum eða málsháttum s.s. í Ríðum, ríðum: „Drottinn leiði drösulinn minn, drjúgur verður síðasti áfanginn...“, og „Álfadrottning er að beisla gandinn...“, eða „Hver hefur sinn drösul að draga“.

Merkilegasti viðburðurinn í ævi hross er eflaust tamningin sem fjallað skal um í stuttu máli, s.s. hvenær hestar eru teknir í tamningu (3-5 vetra), hve lengi það tekur að temja hest, viðbrögð við að fá einhvern á bak sér, osfrv. Í framhaldi af þessu má fjalla um meðalaldur hesta og þá gömlu aðferð að lesa aldur af tönnum þeirra. Réttur aldur hestsins sést á breytingum á tannskipan og tanngerð hestsins bæði með tanntöku, tannfelli og eðlilegu tannsliti.

„Hestaárið“. Glæru 2 er sýnd og ræðir leiðbeinandinn m.a. um útibeit/ haustbeit og hvenær hestar eru mest og minnst brúkaðir. Gott er að spyrja nemendur hvort þeir viti hvernig hestar eru undirbúnir af náttúrinnar hendi fyrir veturinn þ.e. þeir fara í vetrarhár og auka fituforða.

Hesthús. Þá er fjallað um hvenær hestar eru teknir inn í hesthús eftir haustbeit og nauðsyn þess að hesthús séu sem þægilegust fyrir hestana og aðgengilegust fyrir hesteigendur (glæra 3 er skoðuð). Til að hesthús sé gott þarf að hafa góða bása/stíur, loftræstingu, næga birtu og gerði fyrir utan svo að hestarnir geti hreyft sig frjálst.

Fóðrun - að hirða hest. Glæru 4 brugðið upp og leiðbeinandi ræðir almennt um umhirðu, s.s. að gefa og brynna hesti, hvað hestar borða: hey, gras, grasköggla, kjarnafóður, salt, síld, brauð og fl.

Skeifur - járningar. Glæru 5 brugðið upp. Rætt um hvenær hestar eru járnaðir, til hvers og hvernig. Nemendum eru sýndar hóffjaðrir og skeifur/skaflaskeifur bæði á fram- og afturfætur.

Skynfæri hestsins - umgengni. Leiðbeinandi spjallar við nemendur um hesta sem lifandi dýr með tilfinningar eins og við. Til þess að hesturinn skilji knapa og hvers þeir krefjast af honum verða knapar að skilja hann, gagnkvæmur skilningur verður að ríkja. Nauðsynlegt er að knapar hafi alltaf í huga að skynjun hesta er talsvert öðruvísi en hjá okkur (sýna glæru 6). Sjón hesta er öðruvísi en okkar og þá fyrst og fremst vegna ólíkra stöðu augnanna. Augun eru aftar á hestum og utar á höfði og því er sjóndeildarhringur þeirra mun víðari en okkar. Hestar sjá ekki eins langt og við en þeir sjá hins vegar betur en við í myrkri. Heyrn hesta er næm og heyra þeir betur en við og lyktarskyn þeirra er miklu fullkomnara en okkar. Hross eru ótrúlega minnug og ratvís og strok í átt til æskustöðva er algengt (segja sögur um ratvísi hesta!). (Ath. ítarefni um skynjun.)

Líðan hesta má oft sjá á höfuð- og eyrnastöðu. Glæra 7 skoðuð og fjallað um líðan hestsins og hvernig hægt er að sjá hana út frá eyrnar og höfuðstöðu hans. Áhersla er lögð á að börnin geri sér grein fyrir

þeirri vinnu sem fylgir því að eiga hest og ná góðu sambandi við hann. Hægt er að spyrja börnin hvort þau eigi gæludýr og gera samanburð á umhirðu og umgengni þeirra og hesta s.s. hundur-maður, hestur-maður, páfagaukur-maður. Rætt um hvernig best sé að ná góðu sambandi við hest s.s. með því að tala við hestinn þ.e. beita röddinni, strjúka hesti eftir reiðtúra og einstaka sinnum gefa þeim brauð.

Leiðbeinandi endar svo kennslu á því að sýna börnunum hesthús (t.d hjá Fáki) bæði með básum og stíum, gerði sem og hlöðu.

Verkleg kennsla

Til staðar þarf að vera: reiðtygi, hestar, hjálmar, kambar, keilur í hornin og keilur til að æfa beygjuæfingar.

Knapar byrja á að sækja sér hjálma og ná svo í hestinn sinn, annað hvort úr túni eða hesthúsi, og binda hann inn í Reiðhöll. Eftir að hafa kembt hestunum vel ná þau í hnakka, leggja á, stilla ístöð og stíga á bak þegar leiðbeinandi gefur merki. Leiðbeinandi heldur áfram með kennslu á undirstöðu atriðum stjórnunnar frá degi 2 með áherslu á stöðvunar- og beygjuæfingar. Ágætt er að einn leiðbeinandi sjái um stjórnun á meðan hinir ganga á milli knapa og leiðbeini þeim.

Beygt eða riðin lítill hringur. Þegar riðin er beygja eða hringur fylgir knapinn sama halla og hesturinn inn í beygjuna, stytt er í taumhöndinni innra meginn og innra fóti þrýst að síðu hestsins. Hesturinn á að ganga í beygju eða hring en ekki snúast eða flækjast um sjálfan sig. Til að æfa beygjuæfingar er gott að raða u.þ.b. fimm keilum við langhlið með jöfnu millibili og láta knapa beygja á milli þeirra á víxl. Áhersla er lögð á að knapar stjórni hestunum en ekki öfugt. Önnur beygjuæfing er einnig góð og er hún gerð þegar knapar ríða á feti inn á velli með hestbil á milli sín. Þegar leiðbeinandi gefur merki eiga knapar að beygja hestunum og láta þá feta í heilann hring. Leiðbeinendur segja knöpum til s.s. hvenær gott er að stytta í taumhönd, þrýsta fót að síðu hestsins, hvetja osfrv. Hann ræðir við knapa um mikilvægi þessara æfinga og samhæfni alla bendinga knapans. Engir tveir hestar eru eins, t.d. sumir taumléttir aðrir ónæmir fyrir hvatningu, og knapi verður að átta sig á hvað hentar hverjum hesti.

Mikilvægt er að hestum sé stjórnað mjúklega en ákveðið og að skipt sé reglulega um hring svo hestarnir þreytist síður. Knapar enda tímann á að kemba hestunum eftir að hafa sprett af og farið með hnakka inn í hnakkageymslu.

Mismunandi heiti á hestum eftir aldri

Fylfull meri „ólétt“ meri (ólétt kona).

Folald mjög ungur hestur, innan við eins vetra gamall (barn).

Trippi hestur sem er á bilinu 1 til 3 vetra gamall (krakki).

Foli ungur hestur sem er 3 til 6 vetra eða á tamningaaldri (unglingur).

Hestur fullorðinn karlkyns hestur, líka notað um kvenkyns hesta (fullorðin maður).

Hryssa ungur kvenkyns hestur (ung kona).

Meri kvenkyns hestur (kona).

(Ath. hross, gæðingur, trunta, bikkja, mótemja, stóðhestur, graðhestur, fákur, klár, reiðskjóti.

„Hestaárið“

Hestar ganga yfirleitt úti með stóði þar til farið er að temja þá um fjögra vetra aldur.

Reiðhestar eru teknir í hús á veturna, oft um áramót og eru hafðir inni fram að mánaðarmótunum maí, júní.

Eftir það er þeim beitt úti þar til þeir eru aftur teknir inn.

Yfirleitt er dregið undan hestum á haustin og þeim gefið frí fram á vetur.

Í þéttbýli eru hestar oft meira notaðir á veturna því oft getur þurft að fara með hesta langt í sumarbeit.

Hesthús



Til að hesthúsi sé gott þarf að vera/hafa:

* **Þægilegt að þrífa þau.**
* **Stíur og básar góðir og þægilegir.**
* **Góð loftræsting.**
* **Næg birta.**

Hvað er.....
Stía?
Bás?
Stallur?
Flór?

Fóðrun - að hirða hest

Hestar sem eru úti þurfa að geta komist í vatn og hafa gras til að bíta.

Hestum sem eru úti á veturna er oft gefið út því erfitt getur verið að ná í fæðu.

Hestum sem eru inni þarf að gefa og brynna tvisvar á dag. þeim er m.a. gefið :

- **Hey.**
- **Grasköglar.**
- **Kjarnfóður.**
- **Salt.**



Stundum er hestum einnig gefin síld, maís, lýsi eða bætiefni.

Hestar borða 6 - 7 kg. af góðu heyi og allt að 25 l. af vatni á dag. Það fer þó eftir notkun, stærð, árstíma og ástandi hestsins hvað hann borðar.

Skeifur

Skaflaskeifa



Flatskeifa



Hóffjaðrir



Skynfæri hestsins

Aldrei má gleymast í umgengni við hesta að þeir eru lifandi skepnur. Við verðum að reyna að skilja þá og setja okkur inn í hvernig þeir skynja umhverfi sitt og bregðast við mismunandi aðstæðum.

Sjón:

- **Hestar sjá vel í kring og aftur fyrir sig, vegna stöðu augnanna.**
- **Þeir sjá ekki eins langt og við en þeir sjá betur í myrkri.**
- **Þeir skynja liti öðruvísi en við.**

Heyrn:

- **Hestar eru mjög næmir á hljóð.**
- **Þeir þola ekki há og hvell hljóð.**
- **Þó hestar skilji ekki talað mál greina þeir hljóminn í röddinni.**
- **Oft er hægt að sjá hvernig hestum líður út frá eyrnastöðu.**

Lykt:

- **Hestar eru mjög lyktnæmir.**
- **Þeir þekkja hvern annan af lyktinni**

Líðan hesta má oft sjá á höfuð - og eyrnastöðu



Hræddur, reynir að flýja.



Í flýlu.



Glaður.

Í jafnvægi.



Forvitinn.

Daufur og latur.

Hissa, sér eitthvað athyglisvert.



Reiður, kargur.

Hræddur.

Dagur 4

Bókleg kennsla

Til staðar þarf að vera: Veggspjöld með hestalitum, glærur 1,2,3 og 4, verkefnablað 1, miðar með hestalitum, trélitir og vaxlitir.

Leiðbeinandi byrjar á því að kynna fyrir nemendum 10 aðalflokka hestalita og sýna glæru 1. Til glöggvunar er bent á reiðskólahesta með viðkomandi lit (ef einhverjir eru þannig á litinn).

Rauður litur getur verið býsna fjölbreytilegur, allt frá fölrauðu sem nálgast bleikt yfir í sótrautt. Litur á faxi og tagli getur verið með ýmsu móti, oft svipað og búkurinn en einnig ljósara, glófext. Hófar eru dökk gráir.
Bleikt er ljósara en rauði liturinn, munurinn er sá að húðin er ljós á bleikum hestum, sömuleiðis nasavængir, flipi og hófar.
Leirljóst er meira gulleitt. Einkenni leirljósra hesta er að þeir eru með því sem næst hvítt fax og tagl.
Brúnn litur getur verið frá ljósbrúnu yfir í tinnusvart. Folöldin eru oft grábrún en dökkna með aldrinum. Fax og tagl er oftast eins og búkurinn.
Mósótt er öskugrátt eða dökkstálgrár. Fax, tagl og hófar eru dekkri en bolurinn.
Jarpt getur verið rauðjarpt, korgjarpt (með hringjamynstri), dökkjarpt og botnjarpt. Fax, tagl og hófar eru oft dekkri en bolurinn.
Bleikálótt hross eru dökkbleik á bol og með nær svart mön (útskýra hvað mön er) í faxi, eftir hrygg og í tagl. Fætur eru oftast dekkri og hófar eru dökkir.
Moldótt hross eru breytileg að lit, frá gulu, nær hvítu til dökkjarps (höfuð eða snoppa gulleit) en ávallt með dökkt fax, tagl og fætur.
Móvindótt er milli mósótts og brúns. Fax og tagl oftast silflurgrátt. Rauðvindótt er einnig til.
Hvít (albínóar) eru litlaus hross, hringeygð, glaseygð eða rauðeygð.

Þessir litir geta verið einlitir en **skjótt, blesótt, stjörnótt, nösótt, tvístjörnótt** og **sokkótt** getur fylgt þeim öllum. Glæra 2 sýnd.

Grátt getur komið fyrir með öllum litunum, folaldið fæðist með eðlilegan grunnlit en smám saman fara hvít hár að koma fram og að lokum hverfur grunnliturinn og hrossið verður hvítt.

Litfrótt getur að öllum líkindum fylgt öllum ofangreindum litum. Sá litur kemur fram við það að hvít hár koma í blöndu við dökk hár úr grunnlit. Mest ber á hvítu hárunum í vetrarfeldinum, og þá eru þessi hross grá á lit til að sjá en á vorin dökkna þau mikið við að ganga úr hárum, kemur grunnlituinn þá oft lítið breyttur fram.

Nemendur skoða veggspjald með hestalitum setjast svo niður og segja hvernig „sinn" hestur er á litinn. Leiðbeinandi getur skrifað á töfluna eða blað nöfn hestanna og litina.

Börnin fá verkefnablað 1, með mynd af tveim hestum. Þau draga síðan miða og á miðanum er gefinn upp litur sem þau eiga að lita annan hestinn og skrifa litarheitið hjá. Veggspjaldið með hestalitunum á að vera þeim til hjálpar. Hinn hestinn mega þau lita í sínum „uppáhalds" lit og skrifa við hvað sá litur heitir. Hvetja skal nemendurna til að vera hugmyndaríkir við val á litum, þ.e. að herma ekki eftir næsta manni. Einnig er hægt að láta nemendur lita þann lit sem er á þeirra hesti eða bara velja sér einhvern lit. Nemendur ættu ávalt að skrifa litaheitið við. Oft er erfitt að fá fram réttan lit, leiðbeinandi skal því hvetja nemendur til þolinmæði og vandvirkni. Þeir sem eru fyrst búnir geta klárað að lita fyrri verkefnablöð eða fengið að teikna á meðan beðið er eftir hinum.

Gamalt íslenst orðtak segir; *Það er grannt vit að gagnast fyrir lit.*

Í lokin er fjallað um hestanöfn, og glærur 3 og 4 sýndar. Hér eru taldir upp nokkrir flokkar hestanafna, upptalningin er ekki tæmandi (sjá einng glærur).

Nöfn dregin af lit og litareinkennum: Rauður, Jarpur, Skjóni, Blesi. Sokki. Stiarni. Glófaxi. Leistur.

Nöfn dregin af öðrum útlitseinkennum: Trölli, Mús, Jaki, Toppur, Dúskur
Nöfn dregin af eiginleikum hestsins: Glaður, Ljúfur, Léttir, Hrekkur.
Nöfn dregin af upprunastað hestsins: Heiðar (frá Heiði), Núpur (frá Núpi), Húni (úr Húnavatnssýslu) **eða honum bætt við:** Hóla - Blesi.
Nöfn tengd náttúruöflum og veðurfari: Gustur, Gola, Katla, Alda, Bylgja, Hrímir.
Nöfn úr dýra-, steina- og jurtaríkinu: Krummi, Otur, Reynir, Björk, Tinna, Kopar.
Nöfn úr goðafræði og bókmenntum: Sleipnir, Freyja, Ægir, Venus, Uggi, Sóllilja.
Nöfn tengd atburðum í lífi hestsins (eigandans): Ófeigur, Strengur, Gjöf, Hátíð.

Gamalkunn, hefðbundin nöfn er mörg, s.s.: Sörli, Fluga, Blakkur. Oft vísa nöfn til litar hestsins s.s.: Eldur, Frosti, Dimma, Börkur. Við val á nafni á hest verður að taka tillit til einstaklingsins, t.d. að daufur foli er ekki skýrður Gustur.

Leiðbeinandinn getur beðið nemendur um að nefna hestanöfn (t.d. sinna hesta) og segja hvaða flokki þau tilheyra. Einnig er hægt að nefna nöfn og fá nemendur til að segja í hvaða flokki þau eiga heima.

Ljótur, Sóti, Léttfeti,
langi Rauður, Grani,
Bleikur, Gulur, Gráskjóni,
Gráni, Penni, Mani.

Verkleg kennsla

Til staðar þarf að vera: Hestar, hnakkar og hjálmar handa öllum, keilur.

Rifjaðar eru upp æfingar frá deginum áður, þ.e. að stöðva hest, beygja og fara lítinn baug. Hægt er að láta nemendur ríða milli keilna og skipta yfir allann völlinn. Haldið er áfram með að leiðbeina um ásetu og

taumhald og brýnt fyrir nemendum að hafa hestlengd á milli. Eftir upprifjunina er farið í stuttan reiðtúr. Riðið er í einfaldri röð, leiðbeinendur eru fremst og aftast. Oft hafa nemendur ekki náð jafnvægi á hestunum og því getur reynst nauðsynlegt að fara hægt í sakirnar.

10 aðallitir íslenska hestsins

Rautt	Bleikt	Leirljóst
Brúnt	Mósótt	Jarpt
Bleikálótt	Moldótt	Móvindótt
	Hvítt	

Nokkur litarmynstur íslenska hestsins

Blesóttur

Stjörnóttur

Nösóttur

Höfðóttur

Blesóttur, skjóttur, sokkóttur

Sokkóttur

Nokkrir flokkar hestanafna I

Litur og lita-einkenni

Rauðka
Jarpur
Skjóni
Blesi
Sokki
Stjarna
Glófaxi
Blakkur
Gráni
Bleikur
Höttur

Eiginleikar og lund

Glaður
Ljúfur
Léttir
Hrekkur
Garpur
Kjarkur
Tryllir
Kvika
Stuttstíg
Gáski
Vakri

Náttúröfl og veðurfar

Gustur
Gola
Alda
Bylgja
Hrímnir
Frosti
Stormur
Andvari
Elding
Þruma
Dögg

Dýra-, jurta- og steinaríkið

Krummi
Starri
Otur
Reynir
Björk
Hrísla
Tinna
Kopar
Fífill
Tópas
Fluga

Nokkrir flokkar hestanafna II

Dregið af upprunastað

Heiðar
(frá Heiði)
Núpur
(frá Núpi)
Húni
(úr Húnavatss.)
Borgfjörð
(úr Borgafirði)

Staðanafni bætt við
Hóla-Blesi
Víkur-Jarpur

Bókmenntir og goðafræðii

Sleipnir
Freyja
Ægir
Venus
Uggi
Sóllilja
Frigg
Eiðfaxi

Atburðir í lífi hests/manns

Ófeigur
Strengur
Gjöf
Hátíð
Fjósa
Skuld

Ýmis útlits-einkenni

Trölli
Jaki
Ögn
Toppur
Kubbur

DAGUR 5

Bókleg kennsla

Til staðar þarf að vera: myndvarpi og glærur 1,2,3,4,5~~,6,7,8,9 og 10~~.

Saga hestsins. Stiklað er á stóru um uppruna hestsins. Þróun hans frá því að vera villidýr þar til hann er taminn og tekinn í þjónustu mannsins fyrir um 6000 árum. Glæru 1 er brugðið upp og rætt út frá punktum.

Hestar af ólíkum uppruna. Glæra 2 er sett upp (lítill/stór hestur) og fjallað um ólík hestakyn og í kjölfar þess rætt um íslenska hestinn.

Saga íslenska hestsins. Glæra 3 er sett upp. Aðaláherslan verður lögð á sögu íslenska hestsins, frá landnámstíð til dagsins í dag. Hér á eftir verða talin upp nokkur atriði varðandi íslenska hestinn sem hægt er að nota sem minnispunkta og tala útfrá. Ítarlegri umfjöllun er svo að finna í ítarefni.

* Landnámsmenn komu með hesta með sér til landsins fyrir um 1100 árum.
* Íslenski hesturinn er kominn af Nordlandshestinum (ásamt blöndun við skoskan kynstofn).
* Ekkert hefur verið flutt af hestum til Íslands frá 11. öld.
* Trúarhefðin fylgir hestunum til landsins og má m.a. finna í fornsögunum.
* Í Íslendingasögunum sést að hesturinn var veldistákn höfðingja.
* Í Íslendingasögunum er oft sagt frá hestavígum sem þótti hin mesta skemmtun.
* Hlutverk hestsins fer að breytast með tilkomu bílsins og véla fyrir 50 árum. Hann losnar undan því erfiða hlutverki sem hann mátti oft þola frá upphafi tilveru sinnar í landinu til leiks og tómstundargamans fyrir almenning.

* Skipulögð hrossarækt eflist og meiri áhersla er lögð á ganghæfileika og byggingu hesta en áður var. Hestamannafélögum fjölga og hestamannamót verða vinsæl.

Á glærum 4 til 7 má sjá íslenska hestinn í nokkrum af þeim hlutverkum sem hann hefur gengt í gegnum aldirnar.

* Hesturinn og hlutverk hans í gegnum aldirnar í samgöngu og atvinnumálum. Sýna glæru 4 og ræða um heylestarferðir og aðrar ferðir s.s. skreiðflutningar, trjádráttur, búferlaflutningar og fl.
* Hesturinn var notaður til að komast til kirkju á sunnudögum, læknirinn og ljósmóðirin fóru á honum í vitjanir sínar, póstferðir voru farnar þvert og endilangt um landið og börnin fóru jafnvel á honum í skólann (glæra 5).
* Í gamla daga voru engar brýr og þá þurfti oft að treysta á hestinn (glæra 6 sýnd).
* Hesturinn var líka notaður til yndisauka s.s. ferðalaga og skemmtiferða á næstu bæji eða stutta útreiðatúra (glæra 7 sýnd).

Gömul reiðtygi. Gömul reiðtygi má sjá á glærum 8 og 9. Góðum hesti sömdu góð reiðtygi. Í hverju eru þessi gömlu reiðtygi frábrugðin þeim sem notuð eru í dag?

Eiginleikar íslenska hestsins. Það sem einkennir íslenska hestinn er einkum fjölbreytni í gangi og litum, stirkur, hreysti og góð lund. (sjá glæru 10). Þetta eru þættir sem hafa gert íslenska hestinn eftirsóknarverðan víða um heim.

Til að umræðann verði áhugaverðust fyrir nemendur er gott að enda tímann á að segja þeim frásögur af samskiptum hesta og barna áður fyrr, sjá glæra 5 og ítarefni (Börn og hestar í gamla daga).

Verkleg kennsla

Til staðar þarf að vera: hestar, reiðtygi, hjálmar fyrir alla og keilur.

Knapar byrja á að kemba hestunum, leggja svo á og stíga á bak þegar leiðbeinandi gefur merki. Leiðbeinandi aðstoðar knapa við að laga ístöð, lengja eða stytta eftir þörf. Þegar allir eru tilbúnir eru riðnir nokkrir hringir inn á velli áður en lagt er af stað út í reiðtúr. Gott er að minna krakkana á að sömu reglur gilda bæði úti og inni þ.e. allir eiga að ríða í einfaldri röð, bannað er að hafa læti og taka fram úr osfrv. Í reiðtúrum er nauðsynlegt að tveir leiðbeinendur fylgi hópnum, annar sé í forystu og leiði hópinn en hinn ríði aftast og fylgist með hópnum. Passa þar upp á að ekki myndist löng bil á milli hestanna því sumir hestar eiga það til að hlaupa af stað til að ná næsta hesti og þá er hætt við að einhverjir detti af baki. Að reiðtúr loknum,eftir að þau hafa gengið frá hnökkunum og kembt hestum, er gott að láta þau koma saman og ræða um það sem betur hefði mátt fara í reiðtúrnum og hrósa þeim fyrir dugnað. Athuga skal að þeir sem detta af baki þufta oft á hughreystingu og hrósi að halda.

Saga hestsins

Fyrir langa, langa löngu .....

Hesturinn á uppruna sinn að rekja til dýrs sem var á stærð við hund og hafði fimm tær.

Hann var ótamið, villt veiðidýr, áður en maðurinn fór að temja hann.

Saga íslenska hestsins

Landnámsmenn komu með hesta til Íslands fyrir um 1100 árum síðan.
Íslenski hesturinn á því ættir sínar að rekja til norrænna hesta.
Engir hestar hafa verið fluttir til landsins síðustu 1000 árin.

Íslenski hesturinn hefur frá upphafi byggðar lifað í nánu sambandi við þjóðina.
Hesturinn vann með manninum fjölmörg störf.
Hann var líka vinur sem lofaður var í ljóðum og frægðarsögum.



Fyrir um 50 árum breyttist hlutverk hestsins, þegar bílar og aðrar vélar tóku að vinna þau verk sem hann hafði unnið..
Í dag er hesturinn tómstundagaman fyrir fjölda fólks sem nýtur hæfileika hans og umgengni við hann.

Gömul reiðtygi I



Hnakkur



Söðull

Gömul reiðtygi II

Skrautlegt beisli

Ístöð (stigreipi)

Hornístað

Þófi

(Mjög algengt fyrri tíma reiðtygi. Þykkur ullarflóki, notaður undir hnakk eða einn og sér til að ríða í).





Stangir úr horni

Ístað úr horni

Ístað úr bronsi frá víkingaöld

Eiginleikar íslenska hestsins





* Fimm gangtegundir
* Fjölbreytni í litum
* Sterkbyggður, heilsuhraustur og veðurþolinn
* Hefur að jafnaði góða lund

(* Nær háum aldri)

Dagur 6

Bókleg kennsla

Til staðar þarf að vera: myndvarpi, glærur 1,2,3,4,5 og 6, myndbandstæki, sjónvarp, góð myndbandsspóla um gangtegundir íslenska hestsins.

Gangtegundir íslenska hestsins. Íslenski hesturinn hefur þann sérstakan eiginleika að hafa fimm mismunandi gangtegundir (glæru 1 brugðið upp). Ekki eru þó þessar gagntegundir eðlislægar öllum hestum og er talað um tvö flokka hesta: alhlið hesta og klárhesta með tölti. Alhliða hestar hafa allar fimm gangtegundirnar, fet, brokk, tölt, stökk og skeið. Klárhestar með tölti eru hestar sem hafa allar gangtegundirnar nema skeið. Í raun má einnig nefna tvo aðra flokka og það eru hreinir klárhestar sem hafa grunngangtegundirnar, fet, brokk og stökk og svo lullarar sem hafa fet, stökk og skeið. Þessir tveir flokkar hafa ekki verið eins vinsælir reiðhestar, klárhestar þykja reyndar oft góðir ferðahestar þar sem þægilegt er að ferðast á þeim yfir óslétt land. Lullarar hafa oft verið notaðir sem barnahestar en þeir fara jafnan á skeiði á hægri ferð. Skeiðið er ekki hreint heldur einhver blanda af skeiði og tölti sem þykir hesti til lýta. Sú hætta fylgir því ef óvaningar eru látnir ríða alhliða hestum að lullið verði allsráðandi. Hjá flestum hestum er einhver ein gangtegund ríkjandi en þó eru til hestar sem eru nokkuð jafnir á allar gangtegundir. Gangtegundir þarf að þjálfa vel, þær eru ólíkar og gera mismunandi kröfur til knapans hvað varðar ásetu, taumhald og hvatningu.

Fet: Glæru 2 er brugðið upp og rætt um fetið. Fetið er jafn fjórtakta gangtegund og er sviflaus, tveir og jafnvel þrír fætur eru samtímis á jörðu. Á fetgangi á hesturinn að ganga slakur og frjáls, með réttum takti og lifandi fasi. Gott er að byrja og enda reiðtúra á feti svo að hesturinn nái að sveigja sig og losa sig við stirðleika sem getur þá bæði virkar sem upphitun og slökun fyrir hestinn.

Tölt: Glæra 3 sýnd. Tölt er fjórtakta hliðarhreyfing, fjórir hófaskellir eins og fetið og því stundum líkt við hlaupandi fetgang. Tölt er sviflaus gangtegund, ýmist einn eða tveir fætur á jörðu í einu. Þegar hestur töltir hækkar hann sig að framan, gefur eftir bakið, dregur sig saman og þunginn færist meir á afturfæturnar. Tölt er sérkenni íslenska hestsins og greinir hann frá flestum öðrum hrossakynjum.

Brokk: Glæra 4 sýnd. Brokkið er tvítakta skástæð (útskýra) gangtegund, tveir fætur koma niður samtímis. Brokk er svifgangtegund, hesturinn spyrnir t.d. með vinstri afturfæti og hægri framfæti og lendir á hægri afturfæti og vinstri framfæri osfrv. Brokkið er léttasta gangtegundin, fyrir utan fet, og við sjáum að flestir hestar kjósa sér það á ósléttu landi.

Stökk: Glæra 5 sýnd. Stökk er þrítakta gangtegund með svifi. Gott er að slá þremur puttum í borð svo að þau heyri taktinn. Hesturinn getur bæði stokkið upp á hægri eða vinstri fót og er mikilvægt að þjálfa það jafnt, sérstaklega hjá alhliða hestum því það er lykilinn að skeiðinu. Stuttir hraðir sprettir geta haft örvandi áhrif á lata hesta og allir hesta verða að kunna að hreyfa sig kröftulega.

Skeið: Glæra 6 sýnd. Skeið er (nær því) tvítakta hliðarhreyfing með svifi. Skeið er einkum riðið á stuttum sprettum með miklum hraða. Skeiðið er tilkomumesta og vandasamasta gangtegundin sem aðeins alhliða hestar búa yfir.

Til nánari glöggvunar er stutt myndband sýnt um gangtegundir íslenska hestsins. Gott er að stoppa á viðeigandi stöðum og leggja áherslu á mikilvæga þætti. Markmiðið er að börnin geri sér grein fyrir mismunandi gangtegundum og viti t.d. munin á brokki, tölti og stökki.

Verkleg kennsla

Til staðar þarf að vera: Hestar, reiðtygi og hjálmar.

Knapar byrja á að kemba hestunum, leggja svo á og stíga á bak þegar leiðbeinandi gefur merki. Leiðbeinandi aðstoðar knapa við að laga ístöð, lengja eða stytta eftir þörf. Þegar allir eru tilbúnir eru riðnir nokkrir hringir inn á velli áður en lagt er af stað út í reiðtúr. Allt á að hafa sinn sama gang og í síðasta reiðtúr (sjá dag 5) nema að nú verður riðið yfir á. Ef mikið er í ánni er gott að sýna þeim hvernig heppilegt er að lyft upp fótunum til að blotna ekki. Að reiðtúr loknum, eftir að þau hafa gengið frá hnökkunum og kembt hestum, er gott að láta þau koma saman og ræða um það sem betur hefði mátt fara í reiðtúrnum og hrósa þeim fyrir dugnað.

Tilvalið er að ræða eitthvað um gangtegundirnar þar sem þau eru að læra um þær í bóklegu tímunum.

Gangtegundir íslenska hestsins

Íslenski hesturinn hefur þann sérstaka eiginleika að hafa fimm mismunandi gangtegundir, það er fet, tölt, brokk, skeið og stökk.

Ekki eru þó öllum hestum þessar gangtegundir eðlislægar.

Alhliða hestar hafa allar gangtegundirnar fimm.

Klárhestar með tölti eru þeir kallaðir sem skeiða ekki.

Svo eru reyndar til hestar sem hvorki tölta né skeiða og eru því hreinir klárhesta. Lullarar eru hestar sem sækja mest í að lulla og er erfitt að fá til að brokka.

Fetgangur





Fet er jöfn, fjórtakta gangtegund, sviflaus. Hesturinn slakar á. Hægt og mjúkt.

Tölt



Tölt er fjórtakta hliðarhreyfing (jöfn bil á milli hófaskella). Sama fótaröðun og á feti en fætur lengur á lofti, ýmist einn eða tveir fætur á jörðu í einu. Mjúkt að sitja.

Brokk





Brokk er tvítakta gangtegund. Skástæð fótahreyfing. „Svifgangtegund“. Hastur.

Stökk









Stökk hefur þrískiptan takt og svif - hliðarhreyfing. Vinstra og hægra stökk. Hraði.

Skeið





Skeið er er tvítakta gangtegund, hliðarhreyfing með svifi. Vandasöm gangtegund.

Dagur 7

Bókleg kennsla

Til staðar þarf að vera: Glærur 1,2,3 og 4, myndvarpi, teikniblöð (eitt til tvö á nemanda), blýantar, trélitir, vaxlitir og verkefnablað 1.

Í upphafi tímans segir leiðbeinadi frá því að það hafi lengi tíðkast að teikna myndir af hestum og í seinni tíð að taka ljósmyndir. Steinaldarmenn teiknuðu villta hesta í hellisveggi og víkingar ristu myndir af hestum í stein. Í gamla daga létu kóngar og fyrirmenn úti í heimi, gjarnan mála mynd af sér sitjandi á fallegum hesti (glæra 1). Þegar fyrst var byrjað að taka ljósmyndir hér á landi, var ekki óalgengt að menn létu taka mynd af sér á hestbaki. Góðir hestar hafa ávallt verið í miklum metum og flestum þykir fallegt að sjá glæsilegan hest.

Hægt er að teikna hest á marga vegu og nemendur skulu hvattir til að sýna frumleika og forðast að gera eins og næsti maður (glærur 2 og 3 sýndar). Nemendur taka til við að teikna mynd af hestinum sínum. Hægt er að teikna hestinn inni í húsi, úti í haga eða með knapa, þá er tilvalið að flétta inn í atviki frá því á námskeiðinu (glæra 2, riðið yfir á eða á stökki). Þeir sem eru fyrst búnir geta gert aðra mynd.

Hér eru nokkrar hugmyndir að verkefnum fyrir seinni hluta tímans.

Hægt er að láta nemendur vinna **krossgátu** sem er á verkefnablaði 1

Leiðbeinandinn **skrifar sögu** á töfluna sem nemendur semja í sameiningu. Þá fær hvert barn að koma með eina setningu. Þetta má einnig gera þannig að blað er látið ganga og hver skrifar eina setningu í söguna (nokkrar sögur geta verið í gangi í einu). Svo er líka hægt að láta hvern og einn skrifa stutta sögu eða **ljóð** (glæra 0 sýnd og skrifað um hestinn).

Að **finna orð** getur verið skemmtilegur leikur og krefst þess ekki að allir kunni að lesa. Leiðbeinandi hugsar sér orð, t.d. *gæðingur* og gerir þá átta strik á töflun; _ _ _ _ _ _ _ _. Hann segir nemendum að orðið sé haft yfir hest. Svo fær hver og einn (eða hver borðaröð) að giska á staf. Ef giskað er rétt fer stafurinn á réttan stað, t.d. _ _ _ I _ _ _ _ og viðkomandi fær að giska aftur. Einnig er hægt að giska á orðið (þegar nokkrir stafir eru komnir). Ef giskað er rangt kemur eitt prik í „hengingarmanninn“ (leiðbeinandi skal sem minnst gera úr honum).

Verkleg kennsla

Til staðar þarf að vera: Hestar, hnakkar og hjálmar handa öllum.

Í þessum tíma er farið í útreiðatúr. Tilvalið er að velja leið með brekkum og einhverjum „torfærum“. Hægt er að láta nemendur ríða tvo og tvo saman einhvern spotta, þeir verða þá að passa að vera samtaka og halda réttu bili á milli. Einnig er hægt að láta alltaf aftasta mann taka framúr og koma fremst (á eftir leiðbeinanda). Þessar æfingar er þægilegast að gera á velli. Það fer að sjálfsögðu mikið eftir því hvernig hóparnir eru, hvað hægt er að gera.

Minnisstæð atvik frá námskeiðinu ?

Teikna má knapa og hest við mismunandi aðstæður

Hægt er að teikna hesta frá mismunandi sjónarhornum



Dagur 8 og 9

Bókleg kennsla

Til staðar þarf að vera: myndbandstæki og myndbönd

Venjan hefur verið að hafa ekki neina bóklega kennslu þessa tvo daga. Nemendur hafa fengið að horfa á myndband, oft einhverja mynd þar sem hestar koma við sögu. Eftir það hefur þeim verið sýnd myndin *Reiðskóli Reynirs* en oft hafa þau ekki þolinmæði til að horfa á hana. Iðulega hafa allir leiðbeinendurnir farið í langa reiðtúrinn og kúskur þá litið eftir börnunum. Það mætti prófa að hafa leiðbeinanda með börnunum þegar horft er á *Reiðskólann* og stoppa myndbandið og tala um efni myndarinnar og spyrja þau út úr um það sem sagt hefur verið, þannig að þau haldi athygli við myndina.

Hluta af tímanum mætti einnig láta börnin vinna verk er tengjast umhirðu hestanna. Þeim er þá skipt í t.d. tvo hópa, annar hópurinn mokar hrossaskít í hjólbörur og keyrir út en hinn gæti þurkað af hjálmum.

Verkleg kennsla

Farið er í langan reiðtúr. Þar sem þetta er fyrir börnin hápunktur námskeiðsins, ættu leiðbeinendur að leggja sig fram um að gera ferðina sem skemmtilegasta. Það getur líka verið áætt að vera búinn að tala um það við börnin, að í ferðinni verði þau að leggja sig alla fram um að standa sig og muna eftir öllu því sem þeim hefur verið sagt á námskeiðinu um reiðmennsku.

Nafn:_____

Upprifjun

Krossaðu við rétt svör. Aðeins eitt svar er rétt hverju sinni.

Þegar við stillum ístöðin byrjum við á að:

a) horfa á hnakkinn og stíga á bak
b) losa sylgjun á ístaðsólinni og færa hana upp.
c) rétta fram höndina, leggja hana upp að ístaðsólinni og stilla eftir lengd handleggsins.

Hnakkurinn er festur á hestinn með:

a) gjörðinni
b) bandi sem liggur undir hestinn
c) ístöðunum

Þegar stöðva á hest er best að:

a) stytta í taumhönd, setjast djúpt í hnakkinn, halla sér örlítið aftur og taka í báða tauma jafnt.
b) stytta í taumhönd, halla sér fram og taka í báða tauma jafnt.
c) stytta í taumhönd, halda í faxið, standa í ístöðunum og skipa hestinum hárri röddu að stoppa strax.

Hestur sem hefur hvíta fætur er:

a) blesóttur
b) sokkóttur
c) röndóttur

Hestur sem er viljugur og glæsilegur er:

a) bikkja
b) gæðingur
c) Ljómi

Þegar hestar hafa allar gangtegundirnar fimm kallast þeir:

a) alhliða hestar
b) klárhestar
c) klárhestar með tölti

Hvaða mynd sýnir rétta ásetu?

a)

b)

c)

Hvor knapinn beygir rétt til hægri.

a)

b)

Íslenski hesturinn kom til Íslands með landnámsmönnunum og er aðalega ættaður frá:

a) Noregi
b) Spáni
d) Bandaríkjunum

Vinsælasta og þekktasta íslenska gangtegundin er:

a) tölt
b) fet
c) stökk

Þegar hestar blanda saman tölti og skeiði kallast það:

a) lull
b) bull
c) kokteill